

# Skuldbindingar og áhættur í rekstri

- **Vinnufundir fagráða:** Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða, þar sem farið er yfir forgangsröðun og áherslur fagráðs í rekstri og fjárfestingum.
- *Fagsvið mars*
- **Rýning á rekstri sviða og skrifstofa:** Sviðsstjórar rýna skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum þar sem við á og meta helstu áhættur í rekstri sviðsins.
- *Fagsvið mars*

# Skil á gögnum

- **Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins:** Sviðsstjórar skila til FMS greinargerð og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mat á helstu áhættum í rekstri sviðsins.
- **Skil á áætlun vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar:** Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- **Skil gjaldskráa:** Sviðsstjórar skila til FMS samantekt yfir allar gjaldskrár og sundurliðun á tekjum skv. nánari fyrirmælum.
- **Lykiltölur og mælikvarðar:** Sviðsstjórar skila FMS lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmats.
- *Fagsvið 15.apr*

# Yfirferð fjármálahóps

- **Fjárfestingaáætlun:** Yfirferð á fyrstu drögum að fjárfestingaþörfum, valkostum og forgangsröðun fagsviða fyrir fjármálahóp.
- *Fjármálahópur apríl/maí*
- **Fundir með fagsviðum:** yfirferð yfir skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum og mat á áhættum.
- *Fjármálahópur 1.-15. maí*

# Rammi 2020

- **Þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands að sumri, gefin út. Fer til rýningar hjá FMS.
- *FMS 29.maí*
  
- **Forsendur fjárhagsáætlunar** lagðar fram í borgarráði.
- *FMS 6.jún*
  
- **Úthlutun fjárheimilda:** borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsenum þeirra. **Gjaldskrár:** lagðarlínur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar
- *Borgarstjóri / borgarráð Borgarráð 6.jún*

# Fimm ára áætlun 2020-2024

- **Höfðafundur:** Borgarstjóri boðar til Höfðafundar um markmið og leiðir í fjármálum borgarinnar vegna fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024
- *Yfirstjórn / FMS júní*
  
- **Vinnufundir fagráða**
- *Fagsvið júní*
  
- **Afgreiðsla fagráða:** Fagráð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.
- *Fagsvið Fagráð júní*

# Vinna á sviðinu

- **Vinnsla fjárhagsáætlunar** í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.
- *Fagsvið júní- sept.*
- **Vinnsla launaáætlunar** og annarra gagna vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar.
- *Fagsvið júní- sept.*
- **Vinnsla og frágangur fjárfestingaáætlunar** í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.
- *SEA júní- sept.*
- **Vinnsla greinargerðar.** Útfærsla og framsetning greinargerðar og starfsáætlunar.
- *Fagsvið júní- sept.*